



# KJÓSARVEITUR

15. febrúar 2016

Kæru fasteignaeigendur í Kjósarhreppi

Nú hefur verið gengið frá kaupum á lagnaefni í hitaveituna, fjármögnun er í höfn og vinnuliðurinn í útboðsferli.

Miðað er við að hefja lagningu veitunnar í apríl og er forsenda þess að fá skuldbindingu frá ykkur sem ætlið að vera með.

Meðfylgjandi þessu bréfi er yfirlýsing um þátttöku og skuldbinding sem þarf að skrifa undir og senda til baka í forprentaða svarumslaginu, **eigi síðar en 20. mars 2016.**

Ef ekki er áhugi á að vera með, þá vinsamlega skrifið undir viðeigandi eyðublað og sendið til baka til Kjósarveitna ehf, þar sem það er einnig mikilvægt fyrir okkur að vita það, svo og ástæðu þess, t.d. að ákveðið er að rækta skóg eða til standi að selja.

Þeir sem eiga fleiri en eina fasteign eru beðnir um að taka afrit af viðeigandi blaði og fylla út fyrir hverja fasteign fyrir sig.

Ætlunin er að leggja ljósleiðara samhliða langingu hitaveitunnar og er verið að vinna í samningum þar að lútandi. Munum við koma upplýsingum til ykkar þegar það mál skýrist svo og á [www.kjos.is](http://www.kjos.is)

Vonum við að þið verðið með í þessu umbótaverkefni okkar allra sem njótum þess að vera hér í Kjósinni.

Kveðja,

Sigríður Klara Árnadóttir  
Framkvæmdastjóri Kjósarveitna

[sigridur@kjos.is](mailto:sigridur@kjos.is)

s: 566-7100